

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið eftirfarandi breytingar á umferð í Reykjavík:

1. Í Lækjargötu, á kafla sem hefst um 50 metra norðan við gatnamót Hafnarstrætis til suðurs að gatnamótum Austurstrætis, skal hægri akrein vera sérakrein fyrir almenningsvagna og leigubifreiðar. Einnig skal hægri akrein til norðurs í Lækjargötu, milli Bóklhöðustígs og Bankastrætis, vera sérakrein fyrir almenningsvagna og leigubifreiðar. Ákvörðun þessi er táknuð með umferðarmerkinu G04.21.
2. Á Miklubraut, frá aðrein að bensínstöð austan Kringlumýrarbrautar að stað um 150 metra vestan Stakkahlíðar, skal vera sérakrein lengst til hægri, ætluð almenningsvögnum. Ákvörðunin er táknuð með umferðarmerkinu G04.21.
3. Bannað er að leggja ökutækjum við götur á bílastæði við Laugardalsvöll. Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11.

Ákvarðanir þessar taka gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. september 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.